

Hluti Líkamsnándar á Kjarvalsstöðum er fræðslustarf fyrir nemendur:

Nemar verði virkir neytendur

— segir Ólöf K. Sigurðardóttir, umsjónarmaður fræðsludeildar Kjarvalsstaða

„Markmiðið með þessari fræðslu yfirleitt er að ala upp safnagesti framtíðarinnar. Við viljum þróa hjá nemendum mat og gagnrýni á myndlist, efla sjálfstætt gildismat, vekja áhuga og auka þekkingu á list og menningu ásamt því að efla vitund þeirra um menningararfleifð og

Nemendurnir taka þátt


Ólöf segir að mikilvægur hluti Líkamsnándar sé fræðslustarf fyrir nemendur í eldri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum. Farið sé með hópa nemenda um sýninguna og auk fræðslunnar fái þeir að taka

það má nefna spurningar í spurningakeppni framhaldsskólanna um myndlist. Þar flaska séniin nánast undantekningarlaust þótt þau geti svarað ótrúlegustu spurningum úr öðrum greinum. Í grunnskólunum hefur kennslan aðallega verið bundin við sköpunina en síður við lista-sögu og fræðilega þáttinn,“ segir Ólöf.

Aðspurð hvað vekti helst athygli ungmennanna á sýningunni segir Ólöf það vera þau verk sem þau séu virkir þátttakendur í, þar sem þau leggi til sinn eigin líkama. Kannski sé ekki sanngjarnt að gera upp á milli verkanna en þetta sé hennar tilfinning. Ólöf segir mjög gott að krakkarnir fái að hitta og spjalla við listamenn eins og þeim standi til boða á þessari sýningu.

Hitta listamanninn

„Við höfum upplifað það að þegar krakkar eru að skoða verk, sérstaklega verk sem ganga nálægt mannlíkamanum og brjóta ákveðin tabú, þá gera þeir sér ákveðnar hugmyndir um listamanninn. Hann hljóti að vera kona, karl, ungur, gamall, hafi einhverjar kenndir sem þeir geta



Ólöf K. Sigurðardóttir, umsjónarmaður fræðsludeildar Kjarvalsstaða, stendur hér við tvö málverk sem eru hluti af sýningunni Líkamsnánd. Verkin eru eftir finnska málaranum Olli Summanen. DV-myndir Pjetur

menningarsögu,“ segir Ólöf K. Sigurðardóttir, umsjónarmaður fræðsludeildar Kjarvalsstaða, um markmið fræðslustarfs fyrir skóla sem unnið hefur verið á Kjarvalsstöðum undanfarið ár.

Um liðna helgi var sýningin Líkamsnánd opnuð á Kjarvalsstöðum. Um er að ræða norræna samtímalist og taka fimm söfn á Norðurlöndum þátt. Listamennirnir eiga það sameiginlegt að hafa allir fengist við mannlíkaman í verkum sínum. Á meðal þeirra sem eiga verk á sýningunni eru Iben Dalgaard, Peter Bonde og Cristian Lemmerz frá Danmörku, Elin Wikström og Lars Hammarström frá Svíþjóð, Ilkka Sariola, Satu Kiljunen, Olli Summanen og Philip von Knorring frá Finnlandi og Marianne Hesse frá Noregi. Íslensku þátttakendurnir eru Þorvaldur Þorsteinsson, Helgi Þorgils Friðjónsson, Hulda Hákon, Daði Guðbjörnsson og Birgir Snæbjörn Birgisson.

þátt í umræðum við lista- eða fræðimenn. Markmiðið nú sé að auka tengsl skóla og safna með sérstaka áherslu á unglina sem safnagesti.

„Ég held að það hafi verið hárrétt ákvörðun í upphafi að velja sýningunni þema sem tengist samtíma ungmennanna. Mér virðist sýningin höfða vel til þessa unga fólks sem hingað kemur. Hún hefur greinileg áhrif á það og vekur það til umhugsunar um stöðu sína og samfélagið. Ég vona svo sannarlega að þetta skili sér í því að þetta fólk komi aftur.“


Lítill kennsla

Ólöf segir að í safnfræðslunni sé lögð áhersla á að nemendurnir séu virkir áhorfendur. Meiningin sé ekki að örfa þá sem skapendur heldur sem neytendur myndlistar, hvetja þá til þess að skoða og gagnrýna.

„Listasögukennda á Íslandi er ekki mikil og sem ágætt dæmi um



Nemendur FG fengu að setjast inn í litla skúra og leita að eigin organi. Þessi var ekki allveg viss um að hafa fundið það en reyndi þó.



Finninn Ilkka Sariola fer mjög óvenjulega leið til þess að vekja unglina til umhugsunar um umhverfi sitt. Hann býður þeim að setjast hjá sér eftir að hafa farið úr öllum fótunum. Bróðir Sariola er fatlaður og hann vill að fólk hugsi um umhverfi sitt, taki tillit hvað til annars en strunsi ekki hugsunarlaust hvað fram hjá öðru.

samt ekki allveg skilgreint og því held ég að það sé mjög gott að fá síðan að hitta þennan einstakling og spjalla við hann.“

Þótt Líkamsnánd sé notuð til fræðslu fyrir ungt fólk segir Ólöf hana alls ekki vera eingöngu fyrir ungt fólk. Þarna séu víðurkenndir norrænir listamenn að sýna. Auk fræðslunnar til unga fólksins nú segir Ólöf að alla sunnudaga sé boð-

id upp á leiðsögn um safnið og æ fleiri gestir nýti sér það.

„Við erum mjög ánægð með þann áhuga sem skólarnir og unga fólkið hafa sýnt sýningunni. Okkur hefur fundist vanta að krakkar úr 8., 9. og 10. bekk komi til okkar. Nú náum við til þeirra og vonandi verður þetta til þess að vekja almennan áhuga þeirra,“ segir Ólöf. Sýningin Líkamsnánd stendur til 1. mars. -sv

Tilboð baðherbergissett! Kr. 23.000,- stgr.

Ath. Öll hreinlætistæki hjá okkur eru framleidd hjá sama aðila sem tryggir sama litatón á salerni, salernissetu, handlaug og baðkari.



Baðkar.
170 x 70 cm.



Handlaug á vegg.
Stærð 55 x 43 cm

VERSLUN FYRIR ALLA !

**HEILDSÖLU
VERSLUNIN**

- trygging fyrir lága verði!

Við Fellsmúla
Sími 588 7332

OPID:

Mánud. - föstud. kl. 9-18, laugard. kl. 10-14



ÚTSÖLUDAGAR

15 - 40% afsláttur

14" - 33" sjónvarpstæki, myndbandstæki, sjónvarpsmyndavélar, hljómtækjasamstæður, ferðaútlarpstæki, ferðageislaspilarar, örbylgjuofnar, ryksugur, brauðgerðarvélar, brauðristar, hraðsuðukönnur, kaffivélar, handþeytarar, útlarpstækkur, vasadiskó, vöfilujárn, hátalarar, heymartól, djúpsteikingarpottar, kæliskápar, frystikistur, frystiskápar og margt, margt fleira !



Skipholti 19
Sími: 552 9800